



ÚT Í EYJAR MEÐ KRISTÍNU JÓHANNSS



14. – 16. maí 2021
Fararstjórn: Kristín Jóhannsdóttir

Ferðalýsing

Víst er fagur Vestmannaeyjabær og Eyjamenn svo sannarlega höfðingjar heim að sækja eins og við fáum að upplifa í þessari ferð. Kristín Jóhannsdóttir verður fararstjóri okkar en hún er uppalin og búsett í Vestmannaeyjum, hefur lengi séð þar um ferða- og markaðsmál og er nú forstöðukona gosminjasafnsins Eldheima. Hún þekkir því hvern krók og kima í Eyjum. Eyjaklasinn Vestmannaeyjar samanstendur af 15 eyjum og 30 skerjum og dröngum en Heimaey er eina eyjan þar sem búið er allt árið um kring. Við siglum með Herjólfí og komum mátulega til að eiga góða kvöldstund á veitingastaðnum Einsa Kalda þar sem Einsa Kaldi sjálfur matreiðir fyrir okkur þriggja rétta kvöldverð. Vestmannaeyjar hafa upp á margt að bjóða og munum við meðal annars fara í Stórhöfða, Eldfell og Herjólfsdal. Heimsókn í safnið Eldheima er ógleymanleg upplifun sem lætur engan ósnortinn. Eldheimar er safn minninga um eldgos í Vestmannaeyjum, Surtseyjargosið árið 1963 og Heimaeyjargosið árið 1973. Í Eldheimum snæðum við kvöldverð og hver veit nema við upplifum þessa einstöku Eyjastemningu sem svo margir þekkja með lifandi tónlist og nokkrum alþekktum Eyjaslögurum. Við endum ferðina á sögugöngu um Skansinn sem reistur var seint á 16. öld til þess að verja eyjarnar og er í dag vinsæll viðkomustaður enda útsýni þar einstakt og áhugaverðar söguslóðir á hverju horni.

3 dagar | 2 nætur í Vestmannaeyjum

14. maí | Herjólfur, Hótel Vestmannaeyjar & Einsa Kaldi

Brottför frá Reykjavík um kl. 15:00 en farið verður með Herjólfí frá Landeyjahöfn kl. 18:15. Sigling með nýja Herjólfí er bæði ánægjuleg og þægileg útsýnisferð sem tekur rúman hálf tíma. Við komuna til Eyja bókum við okkur inn á Hótel Vestmannaeyjar sem er nýuppgergt og glæsilegt hótél, staðsett alveg í miðbænum. Við förum því næst í girnilegan þriggja rétta kvöldverð á veitingastaðnum Einsa Kalda sem er í sömu byggingu og hótelið.



15. maí | Stórhöfði, Eldfell, Herjólfsdalur, Eldheimar & alvöru Eyjastemning

Dagurinn hefst á skoðunarferð um Eyjarnar en í Vestmannaeyjum er að finna einstakar náttúruperlur. Við skoðum meðal annars Stórhöfða, Eldfell, Herjólfsdal, Skansinn og margt fleira og mun fararstjórinn rifja upp merka sögu Eyjanna. Að lokinni skoðunarferð er frjálstími fyrir hádegisverð á einum hinna margrómuðu veitingastaða Vestmannaeyja. Eftir það væri hægt að skoða sig um í miðbænum með fararstjóra, smakka bjór sem Brothers Brewery framleiðir á staðnum, ganga á Eldfell, heimsækja Sagnheima sem er sögusafn Eyjanna eða nýta sér heilsulind hótelsins. Seinni part dags verður ekið frá hótelinu að Eldheimasafninu



Eyjastemning með lifandi tónlist og þeir sem vilja geta sungið með.

16. maí | Skansinn, Stafkirkjan & heimferð

Eftir morgunverð verður farið í sögugöngu um Skansinn. Þar skoðum við meðal annars Stafkirkjuna, glæsilega smíð, sem reist var í tilefni af 1000 ára kristnitökuafmæli Íslendinga árið 2000 og var gjöf frá Norðmönnum. Nú er komið að því að halda heim á leið en siglt verður með Herjólfri til Landeyjahafnar kl. 12:00 og þaðan ekið til Reykjavíkur.



Hótel Vestmannaeyjar

Hótel Vestmannaeyjar er 43 herbergja, nýuppgert og glæsilegt hótel, staðsett í hjarta miðbæjarins. Herbergin búa yfir sér baðherbergjum með sturtu, flatskjá og gestir hafa einnig aðgang að þráðlausri nettengingu inni á herbergjum. Aðgangur að lyftu er á öllum hæðum hótelsins. Heilsulind er á neðstu hæð hótelsins með sánu og heitum pottum. Á hótelinu er bar og veitingastaður þar sem hægt er að setjast niður í rólegheitum yfir hressingu. Frá hótelinu er fallett útsýni til Heimakletts til norðurs og Helgafells til suðurs.



Verð

74.900 kr. á mann í tvíbýli | 7.800 kr. aukagjald fyrir einbýli

Innifalið

- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði í tvær nætur.
- ✓ Tveir morgunverðir á Hótel Vestmannaeyjum.
- ✓ Aðgangur að heilsulindinni á Hótel Vestmannaeyjum.
- ✓ Þriggja rétta kvöldverður á Einsa Kalda 14. maí.
- ✓ Aðgangur að Eldheimum 15. maí.
- ✓ Léttur kvöldverður á Eldheimum 15. maí.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Ferðir með Herjólfri, til og frá Vestmannaeyjum.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Hádegisverðir.

